



# MYNL2TK05

## Kennsluáætlun – Vorönn 2021

Fjölbrautaskóli Suðurlands

---

### **Kennari áfangans:**

Ágústa Ragnarsdóttir (ARA), [agustaragnars@fsu.is](mailto:agustaragnars@fsu.is)

### **Áfangalýsing:**

Í áfanganum læra nemendur og æfa grunnatriði teikningar. Farið í mikilvægu línu í allri teikningu, skyggingar æfðar, lögð áhersla á að þjálfra formskilning með greiningu grunnformanna bæði þau tvívíðu og þrívíðu. Unnið með myndbyggingu út frá formum, raunsætt og abstrakt. Farið í eins- og tveggjapunkta fjarvídd.

### **Markmið áfangans:**

#### *Þekking*

Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- möguleikum blýantsins
- mikilvægi línu
- áhrifum skugga og ljóss
- tvívíðum og þrívíðum formum
- eins- og tveggja punkta fjarvídd
- Vinna með myndbyggingu, bæði abstrakt og raunsætt

#### *Leikni*

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- sýna trúverðuga skyggingu með blýanti með mikilli dýpt þar sem öllum tónum grátónaskalans er beitt sem og sýnt fram á mikilvægi á beytingu línu.
- teikna þrívíðu grunnformi með og án skyggingar.
- teikna fjarvíddarmyndir innan húss og utan með hjálp eins- og tveggjapunkta fjarvíddartækni og skyggt með blýanti.
- að mæla út hlutföll og nýta í sinni teikningu.
- Að fríhendisteikna flóknari hluti með grunnformin í huga.
- Setja saman myndbyggingu út frá bæði abstrakt og raunsæi

#### *Hæfni*

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að

- skynja og sjá að allt er samsett úr grunnformum sem línur mynda.
- teikna og skyggja mynd af hlutum og umhverfi sínu, bæði raunsætt og abstrakt.

- teikna út frá eigin hugmyndum sem og fyrirmyndum.

### Kennslubækur og kennslugögn

- Fyrirlestrar, innlögn, glæsur, internetið, sýnikennsla og verkleg kennsla en engar hefðbundnar kennslubækur. Öll verkfæri og allt efni innifalið í efnisgjaldi.

### Kröfur og verkefnaskil

- Skila þarf að lágmarki 80% af verkefnum annarinnar og lokaverkefni sem og fá 5 í lágmarkseinkun til að eiga möguleika á að standast.
- Nemendur fá möppur strax í byrjun annar þar sem þeir geyma skissur og verkefni í. Mikilvægt að haldi vel utan um allt.
- Öll verkefni birtast á INNU. Nemendur skulu skila vandaðri ljósmynd af hverju verkefni að því loknu þar inn.
- Um er að ræða próflausan símats- og leiðsagnarmats áfanga. Hver verkhluti hefur sitt vægi þar sem ekki einungis endanlegt verk liggur til grundvallar heldur líka vegferðin öll s.s. áhugi, vinnusemi og vinnuframlag, sjálfstæð vinnubrögð, tilraunir, framfarir og mæting.

### Efnisgjald

- Efnisgjald í áfanganum er 5000 kr.

### Vægi námsþátta í vetrareinkunn og tímaáætlun á önninni

- |  |                    |
|--|--------------------|
| • 1. Skyggingaraðferðir og gráskali (3%) - 11.-14. jan.    | Innlögn 7. jan.    |
| • 2. Tvívíð form og ólíkar skyggingar (4%) - 14.-18. jan   | Innlögn 14. jan.   |
| • 3. Þrívíð grunnform, fyrra verkefni (5%) - 18.-24. jan.  | Innlögn 18. jan.   |
| • 4. Þrívíð grunnform, seinna verkefni (6%) - 25.-31. jan. | Innlögn 25. jan.   |
| • 5. Slöngulína (4%) - 1.- 7. feb.                         | Innlögn 1. feb.    |
| • 6. Raunsæ hlutateikning ( 12%) - 8.-21. feb.             | Innlögn 8. feb.    |
| • 7. Raunsæi – abstrakt (15%) - 22. feb.- 10. mars.        | Innlögn 22. feb.   |
| • 8. Fjarvídd, einn punktur (8%) - 11.-18. mars.           | Innlögn 11. mars   |
| • 9. Fjarvídd, tveir punktar (8%) - 18.-25. mars.          | Innlögn 18. mars   |
| • 10. Fjarvídd í FSu (15%) - 25. mars - 18. apríl.         | Innlögn 25. mars.  |
| • 11. Lokaverkefni (20%) - 19. apríl - 7. maí.             | Innlögn 19. apríl. |

*Sjá nánar aftar í þessu skjali.*

### Tölvur og símar

- Tölvur og símar leyfir í tímum sem vinnutæki og einnig má hlusta á tónlist sé kennari ekki með innlögn. Önnur notkun á þessum tækjum ekki leyfð nema að höfðu samráði við kennara.

*Kennsluáætlunin er gerð með fyrirvara um breytingar.*

---

# VERKEFNI ANNARINNAR - NÁNAR

---

## Verkefni 1: Skyggingaaðferðir – gildir 3% (innlögn 7. janúar)

Fimm mismundandi skyggingar að eigin vali æfðar, allar á saman á einu A4 blaði sem er hjá kennara sérstaklega uppsett. Áhersla á að gera frá hinu ljósasta til hins dekksta. Vinna agað, huga vel að hverjum ramma s.s. að fylla vel út í hann án þess að fara út fyrir.

Aðferðirnar fimm:

1. jöfn þétt skygging (hefðbundin, dekkist eftir því sem blýantinum er beitt fastar)
2. línur sem þéttast (fleiri línur og þéttari línur eftir því sem verður dekkra)
3. kross skygging (þar sem alltaf bætast við línur í nýjar áttir til að dekkja)
4. punkt skygging (fleiri punktar eftir því sem dökknar)
5. krot skygging (dekkist eftir því sem blýantinum er beitt fastar)

---

## Verkefni 2: Tvívíð form og ólíkar skyggingar – gildir 4% (innlögn 14. janúar)

Ein mynd í stærðinni A4.

Tvívíðu grunnformin þrjú (hringur, þríhyrningur og ferhyrningur) notuð endurtekið til að búa til abstrakt / óhlutbundna mynd. Nota má reglustikur og skapalón við teikningu formanna ef vill en gæta þá sérstaklega að tilfinningu línunnar.

- Skyggingar aðferðirnar úr **verkefni 2** notaðar að vild
  - ekki nota of líka tóna hlið við hlið
  - góðar andstæður (ljóst gegn dökku)
  - myndin verði með hvíta fleti, svarta fleti, mismunandi grátóna og alls konar skyggingar
-

### **Verkefni 3: Þrívíðu grunnformin, fyrri æfing – gildir 5% (innlögn 18. janúar)**

Þrívíðu grunnformin eru: Kassi, pýramídi, kúla, keila og sívalningur.

Nemandi fær A4 blað þar sem þessi fimm form eru þegar teiknuð lauslega. Nemandi skal skyggja formin á trúverðugan máta og gera bakgrunn (sjá sýnishorn).

Muna að huga að ljósi og skugga, nýta aðferðir frá því í verkefni 2 hvað varðar frá hinu ljósasta til hins dekksta.

Hafa í huga hvaða tvívíðu form mynda hið þrívíða til að skyggingar verði sem réttastar.

-----

### **Verkefni 4: Þrívíðu grunnformin, seinni æfing – gildir 6% (innlögn 25. janúar)**

Þrívíðu grunnform fimm fríhendisteiknuð öll á A4 blað, raðað saman að eigin vali. Þau eiga að skarast þ.e. vera fyrir framan eða aftan hvert annað, ofan á o.þ.h. Hér þarf að huga vel að því úr hvaða tvívíðu formum þau þrívíðu eru mynduð.

- Öll formin skyggð með aðferð að eigin vali og lögð áhersla á andstæður frá svörtu yfir í hvítt.
- Gerðar litlar skissur í byrjun til að átta sig á myndbyggingu.
- Mikilvægt að myndin verði nokkuð heilsteypt.
- Það má hvort heldur sem er styðjast við fyrirmyndir eða gera upp úr sér. ATH. öll formin fimm þurfa að koma fyrir í myndinni (einu sinni eða oft).
- Fylla vel út í blaðið, nýta myndflötinn.

-----

### **Verkefni 5: Slöngulína – gildir 4% (innlögn 1. febrúar)**

Ein mynd í stærðinni A4.

Slöngulína (ormur, kaðall, hvað sem er) fríhendisteiknuð og látin hlykkjast um allt blaðið, fer ýmist undir eða yfir sjálfa sig og má fara inn og út af blaðinu að vild. Gerðar litlar skissur í byrjun til að átta sig á myndbyggingu.

- Uppstöðuformið er sívalningur
- Ljósið kemur ákveðið úr einni átt
- slangan skyggð með aðferð að eigin vali þannig að trúverðugt verði.
- kostur að huga einnig að bakgrunni t.d. dökkur eða skyggður að einhverju leiti

-----

### **Verkefni 6: Raunsæ hlutateikning – gildir 12% (innlögn 8. febrúar)**

Ein mynd í stærðinni A3.

Raunsæ fríhendisteikning af hut eða hlutum þar sem grunnformin gegna stóru hlutverki í allri skissuvinnu og teikningu. Myndin síðan skyggð á sem raunsæjastan máta. Unnið eftir ljósmynd af hlut eða hlutum sem nemandi tekur sjálfur.

- Nauðsynlegt að beita skissuaðferðum.
- Muna að beita blýantnum létt þegar skissað er.
- Huga vel að hvaða grunnform mynda hlutina, hvernig púslast formin saman.
- Hvað er fyrir framan, hvað er fyrir aftan.
- Huga að öllum þeim þáttum skyggingar sem kenndir og æfðir hafa verið s.s. hvaðan kemur ljósið og konstrastar
- Nýta vel myndflötinn með góða myndbyggingu í huga.

-----

### **Verkefni 7: Frá raunsæi yfir í abstrakt – gildir 15% (innlögn 22. febrúar)**

Ein mynd í A3 stærð. Nemendur beita nú og flétta saman öllum þáttum sem kenndir hafa verið og æfðir fram að þessu; form, skyggingar, fríhendisteikning, raunsæi, abstrakt og myndbygging.

- Nemendur finna sér eina raunsæja ljósmynd að eigin vali.
- Hafa skal í huga að nemandi sjái sér fært að rýna út tví- og þrívíð form í ljósmyndinni og sjái möguleika á að brjóta hana verulega upp á sjálfstæðan máta.
- Myndin teiknuð upp og breytt úr raunsæi yfir í abstrakt, ýmist með tvívíðum eða þrívíðum formum.
- Nota skal fjölbreyttar skyggingar aðferðir.
- Myndin þarf að hafa svarta fleti, hvíta fleti, og alls konar grátóna auk einhvers konar mynstra og skyggingaráferða.
- Gerðar litlar skissur í byrjun til að átta sig á uppbrotinu og myndbyggingu.

-----

### **Verkefni 8: Fjarvidd út frá einum punkti – gildir 8% (innlögn 11. mars)**

Tvær myndir (án skyggingar) - hvor í A4 stærð.

Æfð fjarvidd út frá einum hvarfpunkti. Mestu máli skiptir að tileinka sér fjarviddartæknina, ná að skilja og koma frá sér nokkrum helstu reglum sem þar gilda. Styðjast má við fyrirmyndir.

1. Inni mynd út frá einum hvarfpunkti. Einföld stofa, hið minnsta nokkur húsögn s.s. sófi/rúm, stóll, borð og hillur, gluggi og/eða hurð, gluggi og eða hurð á hlið, parketlögn.
2. Úti mynd út frá einum hvarfpunkti. Einföld götummynd, hið minnsta nokkur hús, þak með risi, gluggar, gangstétt með hellum.

-----

### **Verkefni 9: Fjarvidd út frá tveimur punktum – gildir 8% (innlögn 18. mars)**

Tvær myndir (án skyggingar) hvor í A4 stærð.

Æfð fjarvidd út frá tveimur hvarfpunktum. Mestu máli skiptir að tileinka sér fjarviddartæknina ná að skilja og koma frá sér nokkrum helstu reglum sem þar gilda. Styðjast má við fyrirmyndir.

1. Inni mynd út frá tveimur hvarfpunktum. Einfalt herbergi, hið minnsta nokkur húsögn s.s. sófi/rúm, stóll, borð og hillur, gluggi og/eða hurð.
2. Úti mynd út frá tveimur hvarfpunktum. Einföld götummynd, hið minnsta nokkur hús, þak með risi, gangstétt með hellum.

-----

### **Verkefni 10: Fjarvidd í FSu – gildir 15% (innlögn 25. mars)**

Ein mynd í A3 stærð. Hér þarf að huga bæði að kórréttri fjarvidd og skyggingum auk þess að bæta við einhverju “óvæntu” í annars raunsæja fyrirmynd.

- Notaðar útprentaðar ljósmyndir af rýmum í FSu til hliðsjónar. Þú mátt taka mynd og nota ef kennari samþykkir. Kennari annars með úrval mynda, sjá fylgiskjöl.
- Nemendur kynna sér notagildi ljósaborðs til að draga fram aðallínur
- Nemandi geri góða grein fyrir þrívíddinni.
- Nemendur verða að nýta sér þekkingu og tækni sem þeir öðluðstu í verkefnum 8 og 9 hvað varðar fjarviddina.
- Þegar heildar mynd er komin á teikninguna bætir nemandi annað hvort við einhverju óvæntu elementu inn á myndina.
- Svo er allt skyggt frá hinu ljósasta til hins dekksta á sem trúverðugastan máta. Muna eftir að notast við þá skyggingar tækni sem nemendur lærðu og æfðu á fyrri hluta annarinnar. Auk raunsærrar skyggingar má líka leika sér með áferð og mynstur í samráði við kennara.

-----

### Verkefni 11: Lokaverkefni – gildir 20% (innlögn 19. apríl)

Ein mynd í A3 stærð.

Í þessari mynd þarf að taka fyrir alla þá þætti sem nemandi hefur unnið með á önninni. Búa þarf til heilsteypta abstrakt (jafnvel súrrealíska) mynd út frá myndbyggingarlegum sjónarmiðum. Nemandur mega styðjast við ljósmyndir og ljósaborð í skissuvinnunni en líka treysta á eigin fríhendi teikningu. Myndin verður að vera vandlega skyggð með svörtum flötum, hvítum og grátónum. Gerðar litlar skissur í byrjun.

Þetta verður að koma skýrt og greinilega fram í myndinni ásamt góðri myndbyggingu:

- mismunandi skyggingar,
- tvívíð form,
- þrívíðform,
- Slöngulína
- Sannfærandi, vönduð og örugg teikning
- **og síðast en ekki síst** - skýr fjarvídd.